

Viðmiðunarreglur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíks vegna einstaklingsstuðnings (félagsleg liðveisla og persónulegur ráðgjafi)

1. gr.

Markmið

Markmið einstaklingsstuðnings (áður félagsleg liðveisla) er að rjúfa félagslega einangrun, efla samfélagsþátttöku og efla einstakling til aukinnar sjálfshjálpar. Í einhverjum tilvikum getur markmið einstaklingsstuðnings verið að viðhalda færni eða einungis gera notanda kleift að njóta menningar- og félagslífs.

Við framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstakling til sjálfsbjargar og virða sjálfsákvörðunarrétt hans.

2. gr.

Tímaffjöldi

Veittar eru að hámarki 10 klukkustundir í einstaklingsstuðning á mánuði. Heimilt er að víkja frá þeim viðmiðum ef sérstök rök liggja fyrir. Við sérstakar aðstæður er heimilt að veita einstaklingsstuðning í allt að 20 klukkustundir á mánuði.

Tímaffjöldi einstaklingsstuðnings er ákvarðaður út frá faglegu mati skóla- og velferðarþjónustu og stöðu umsækjanda hverju sinni.

3. gr.

Akstursheimildir.

Viðmið um akstur vegna einstaklingsstuðnings:

Einstaklingur með allt að 15 tímar á mánuði: greitt fyrir akstur að hámarki 250 km á mánuði.

Einstaklingur með 16–20 tímar á mánuði: greitt fyrir akstur að hámarki 300 km á mánuði.

Skila skal akstursdagbók þar sem fram kemur fjöldi ekinna kílómetra, hvert er ekið og hvað var gert.

4. gr.

Útlagður kostnaður.

Endurgreiddur er útlagður kostnaður vegna einstaklingsstuðnings, allt að 9.000 kr. á mánuði.

Til að fá endurgreiddan útlagðan kostnað skal skila nótum eða mynd af nótu til skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíks.

Þessi viðmið öðlast gildi þegar fagnefnd hefur tekið þau fyrir og sveitarfélögin sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíks bs. hafa staðfest þær.